

## REGLUR

### um (2.) breytingu á reglum nr. 401/2000 um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar.

#### 1. gr.

2. gr. orðast svo:

Endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum taka til eftirfarandi læknis-, lyfja- og þjálf-unarkostnaðar sjúkratryggðs sem stofnast hefur hérlendis:

- Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við læknishjálpar, rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttimælingar skv. 4. gr., 5. gr., 6. gr., 1. mgr. 9. gr., 13. gr. og 14. gr. reglugerðar nr. 981/2003 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.
- Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynleg lyf skv. 5. gr., 6. gr. og 11. gr. reglugerðar nr. 948/2000 um greiðslu almannatrygginga í lyfjakostnaði, með síðari breytingum.
- Lyf vegna barna til 18 ára aldurs sem afgreidd eru út á lyfseðil.
- Hluta sjúkratryggðs í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun skv. reglugerð nr. 841/2002 um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

3. gr. orðast svo:

Viðmiðunarmörk vegna endurgreiðslu eru eftirfarandi:

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	Grunnkostnaður 3 mánuðir	Þátttaka TR umfram grunnkostnað
undir 1.749.999	0,7% af tekjum	90%
1.750.000-2.649.999	0,7% af tekjum	75%
2.650.000-3.749.999	0,7%	60%
3.750.000 og yfir		0

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast til fjölskyldu.

Tekjur miðast við árstekjur árið á undan, en heimilt er að víkja frá því ef um verulega lækkun tekna er að ræða svo sem vegna alvarlegra veikinda eða atvinnumissis. Fyrir hvert barn í fjölskyldu dragast kr. 260.000 frá árstekjum.

Grunnkostnaður miðast við 3 mánuði í senn. Einstaklingur/fjölskylda greiðir grunnkostnað sem miðast við 0,7% af tekjum en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram grunnkostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið lækkar með hækkandi tekjum. Þegar árstekjur hafa náð kr. 3.750.000 er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða samkvæmt þessum reglum, sbr. þó 3. mgr. ef um börn er að ræða.

Ekki verður greidd út lægri upphæð en kr. 1.000.

#### 3. gr.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*